

8/2 1960

Vesturlandsumdæmi.

STARFSSKÝRSLA

1959.

Daníel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1959.

Girðingar:

Endurgirt var Arnbjargarlækjargirðing, sem er röskir 2 km. Gaddavír var notaður, hinn sami, 6 strengir og járnstaurar, hornstannrar og máttarstaurar steiptir niður. Landið var erfitt yfirferðar en skógræktarland er þarna gott.

Þá var girt nálega 2 km. girðing að Skógum í Þorskafirði, en þeirri girðing er ekki að fullu lokið, þarf að lengja hana, en fullgirt það sem byrjað var á. Notaður var gaddavír að mestu, jöfnum höndum járnstaurar og tré-staurar, allir máttarstaurar steiptir niður. Víða eru góðir skógræktarblettir á þessum slóðum, og sumstaðar afbragðsland.

Viðhald girðinga er alltaf töluvert, en nú er svo komið að engin leið er að hengja upp sumar girðingarnar, þurfa algjörlega endurnýjunar við, enda ekki ástæðulaust, því efnið sem notað var í upphafi var gamalt, staurarnir fúnir og vírinn ryðbrunninn.

Tvær girðingar á Snæfellsnesi eru og verða smánarblettir á skógræktinni eins og allt er í pottinn húið með þær. Girðingar þessar eru í Búðahrauni og Jörfa. Báðar þessar girðingar eru gamlar, úr gömlu efni í upphafi. Skógrækt ríkisins kostaði verkið, en hefur ekki séð um viðhald þeirra það hafa aðrir aðilar átt að gera, en aldrei gert. Fyrir skógarvörðinn er þetta ástand óþolandi, því honum er kennt um allt sem aflaga fer í sínu umdæmi enda þótt hann eigi enga sök á slíkum afglöpum sem þessum.

Ekkert er hættulegra skógræktarmálunum en fordæmi slík sem þessi, enda óspart notuð af fjandmönnum skógræktarinnar, og mörgum sem áður voru stuðningsmenn skógræktarmálanna hefur snúizt hugur við slík fordæmi sem þessi og vilja ekkert á sig leggja til stuðnings þeim málum. Afintýramenn þeir er við sögu koma í sambandi við ofangreindar girðingar eru hættulegir menn og ætti að láta þá sata ábyrgð fyrir slíkt athæfi og framið hefur verið við nefndar girðingar.

Oft hefur verið minnst á Sauðhússkógargirðingu - hún er löngu ónýtt, er á slæmum stað og landið lélegt til skógræktar. Á næsta vori verður að ráðstafa þessu landi til annarra afnota og fjarlægja girðingarræksnið.

Að lokum má geta þess að hafizt var handa um endurgirðingu á Ytrafelli, þar girtið um 500 m. af netgirðingu, og járnstaurar notaðir. Annars er þessi girðing mjög góð ennþá, og engar skepnur í hana komizt. Ytrafellsgirðing er eign Þorsteins Þorsteinssonar og unnið að endurbótum á girðingunni samkvæmt ósk hans.

Gróðursetning:

Gróðursett var í eftirgreindar girðingar er hér greinir:

✧ Jafnaskarðsgirðing (vorgróðursetning):

Rauðgreni	Drevja V	3/3	11.500	Vaglir
do	Drevja	2/4	3.500	-
do	Sór Helgeland		4.000	Tumast.
Skógarfura	Sjomen	3/3	20.000	Vaglir
do			1.600	
Stafafura	Skagway	3/2	1.000	Vaglir
		Samtals	<u>41.600</u>	plöntur

✧ Stálpastaðir, Braathenslundur:

Rauðgreni	Rana	15.000	Tumast.
-----------	------	--------	---------

Halldórslundur:

Stafafura	Skagway	7.500	}
Sitkagreni	Cordova	7.500	
Rauðgreni	Vang Hedmark	725	}
do	Namdal Ytre	3.600	
do	Sparbu	800	
do	Vestfold	1.650	
do	Sór Helgeland	800	
do	Drevja	1.200	
do	Højlandet	600	
do	Baden	<u>300</u>	
	Samtals plantað á Stálpastöðum	<u>24.675</u>	
		<u>39.675</u>	

24.675
24.675

✧ Hvammur í Skorradal: (girðing Hauks Thors)

Stafafura	Skagway	2.500
Rauðgreni	Drevja V	<u>5.000</u>
	Samt.	7.500

✓Ytrafellsgirðing:

Rauðgreni	Rana	2/2	6.700
do	Sör Helgeland		1.800
Sitkabastarður	Lawing		<u>6.500</u>
	Samtals		15.000

Þá var plantað við græðireitinn í Norðtunguskógi:

Lerki	2/2	500
Stafafura	2/2	<u>500</u>
	Samtals	1.000

Þessar plöntur eru uppaldar í græðireit í Norðtunguskógi. Alls hefur verið plantað á vegum skógræktarinnar í umsjá minni 104.775 plöntum.

Plantað var í ákvæðisvinnu fyrir gjald sem ákveðið er af Skógrækt ríkisins. Þetta gjald er langt um of hátt, og þar af leiðandi í algjörðu ósamræmi við venjulega vinnutaxta sem löggiltir eru, enda skapar þetta fordæmi óánægju hjá þeim sem vinna að öðrum verkefnum hjá Skógræktinni, auk þess illa séð hjá öðrum atvinnurekendum og oft til þess vitnað hve Skógræktin geti græitt hátt kaup, og nú í vetur greint frá þessu rausnar-kaupi í sjálfu Ríkisútvarpinu.

Græðireiturinn í Norðtunguskógi:

Úr reitnum voru gróðursettar, sem áður greinir, 500 Stafafurur og 500 lerki. Þá voru fengnar að þessu sinni sáðplöntur til dreifsetningar frá Hallormsstað:

Sitkabastarður <i>Sitkabastarður G.Ö.A.</i>	3/0	Seward Kenai Lake	73.000 ✓
Rauðgreni <i>Rauðgreni G.Ö.A.</i>	3/0	N-Helgel og Snæsa	42.136 ✓
Blágreni	3/0	Colorado	27.567 ✓
Rauðgreni	2/2	(afg.af söluþl.)	350
Bergfura		(Norsk, eign Rotary)	1.625
Birki		(frá Skógr.fél. Borgf.)	<u>2.000 ✓</u>
	Samtals		146.678

Dreifsett var í nýjan reit áfastan hinum eldri og byrjað á gróðursetningu skjólbeltis þar. Vatnslögnin var endurbætt, og lengd inn í reitinn. Ennfremur var fenginn nýr vatnsgeymir er tekur 3000 lítra. Var honum valinn staður á hæðinni fyrir ofan reitinn og er nú sjálfrennandi vatn úr tanknum yfir reitinn, en vatninu dælt úr vatnsbólínu í tankinn.

Haustumbúnaður er að mestum hluta birkilim, en mosi og lítilsháttar torf á nýja reitnum.

Plöntur voru teknar úr reitnum í haust og geymdar þar í vetur, en mikið stendur ennþá óhreyft í beðunum. Fer hér á eftir tala þeirra plantna er hæfar verða til gróðursetningar í vor:

Sitkagreni	Mac Leod	11.125
Rauðgreni	Nord-Heigell. $\frac{2}{2} \frac{1}{2}$?	6.710
Broddgreni	Sagrinna $\frac{2}{4}$	2.720
Hvítgreni		400
Skógarfura	Tromsströnd)	
do	Salten) -	42.368
do	Tromshlíðar)	
Stafafura	(1001-250-53) Skagway $\frac{2}{4}$	8.000
Lerki		550
Birki		325
Gulvíðir		<u>750</u>
Plöntur samt.		72.948

Skógarhögg:

Grisjun var mikil í vor, einkum í Skorradalnum, en þar var unnið frá því snemma í maí og jöfnum höndum einnig eftir að gróðursetning hófst.

Einnig var grisjað í Jafnaskarðsskógi, en ekki nærri nóg. Það er orðið mjög aðkallandi að grisja Jafnaskarðsskóg vegna hins mikla fjölda af ungum plöntum sem þar vaxa upp.

Laufgun - fræfall - vöxtur - tíðarfar.

Skógur laufgaðist síðast í maí, en lauffall varð síðast í september. Fréar var afar lélegt. Safnaði nokkurum fræprufum af birkikjarri úr Dalasýslu og afhenti skógræktarstjóra.

Vöxtur var mjög góður á barrplöntum. Mældust árssprotar allt upp í 70 cm., og jafnvel þar yfir á lerki við Hreðavatn. Vöxtur á eldri barrplöntum er mjög jafn og góður. Í sumar virðist mér framför vera jafnbezt við Hreðavatn, og má rauðgreni þar teljast afbragðsgott, plönturnar samsvara vel hæð og gildleika. litarháttur góður.

Maður var allmikill og er birki hér um vesturland mjög lélegt af þeim sökum - kjarrið víða svart yfir að líta mestan hluta sumars.

Dagleg störf - Ferðalög - Ýmislegt.

Störf mín í þágu skógræktarinnar voru sem að undanfögnu margbrotin, margt kemur til greina í slíku starfi á stóru sveði.

Mikið framboð var af unglíngum og stúlkum til skógræktarstarfa, en mjög erfitt að fá karlmenn sem nokkuð lítið var í.

Þegar inna þarf af hendi mikið starf á stuttum tíma, og á mörgum stöðum, þarf menn til starfa sem færir eru um að stjórna verkum, en það má heita ómögulegt að fá vel hefna menn til slíkra starfa um stuttan tíma.

Skapast af slíku erfiðleikar sem engir þekkja aðrir en beir sem reynt hafa. Hverfa verður frá þeirri venju að gróðursetja allt á stuttum tíma að vorinu, en halda áfram starfinu allt sumarið, og hafa færra fólk við vinnu.

Ágúst Árnason var mín trausta stoð í skógræktarstarfinu að þessu sinni, hann sá um græðireitinn, annaðist gróðursetningu í Skovradal, og í sumar var hann verkstjóri við girðingarnar. Færi ég honum beztu þakki fyrir samstarfið.

Guðmundur Örn Árnason skógræðingur mældi Norðtunguskóg í haust með aðstoð Ágústs Árnasonar.

Á mér hvíldi reikningshald og útborganir og varð ég að þessu sinni að ferðast mjög mikið á milli vinnustaða sökum þess hve fátt var af traustu fólkum til starfa, ennfremur sá ég um gróðursetningu fyrir Kaupfélag Borgfirðinga í Norðtunguskógi, framkvæmdir Skógræktarfélags Borgfirðinga, Systkinareit í Reykholti, Snorrargarð, Ytrafellsgirðingu og auk þess verk fyrir félag og einstaklinga. Niklar bréfaskriftir, símtöl o.fl. Ég var röska 200 daga fjarverandi í erindum skógræktarinnar.

Helztu ferðalög voru:

Í Reykjavík dvaldi ég á fundi hjá skógræktinni frá 5. apr. til 12. apríl. 24., 25. og 26. apr. ferðaðist ég með skógræktarstjóra um Borgarfjarðarhérað og Dalasýslu. 18. maí metti ég á aðalfundi Skógræktarfélags Dalasýslu í Búðardal. 15. júní kom skógræktarstjóri með hóp blaðamanna og ferðaðist ég með þeim um héraðið. 22. júlí fór ég vestur að Skógum í Þorskafirði til að athuga girðingarstöði þar. 20., 21. og 22. ágúst metti ég á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Hólum í Hjaltadal. 26., 27. og 28. sept. var ég á ferðalagi með skógræktarstjóra um Borgarfjarðarhérað og vestur í Dalasýslu. 17. okt. fór ég vestur í Dalasýslu, að Ytrafelli, og safnaði ennfremur sýnishornum af fræi víðsvegar um sýsluna.

Auk ofangreindra ferða fór ég margar ferðir um Borgarfjarðarhérað o.f.

Það eru nú um 20 ár síðan ég varð skógarvörður í Borgarfjarðarhéraði og næstu sýslum.

Samkvæmt lagabókstaf og loforðum var mér heitið samastað í sambandi við starf mitt.

Eftir nálega 20 ára starf hef ég ekkert húsneði. Á sama tíma eru þrjár skógarvarðarbústaðir í Norðlendingafjórðungi, og var sá landsfjórðungur í upphafi eitt umdæmi á sama hátt og Vestfirðingafjórðungur, þar sem ég gegni einn embætti - og húsneðislaus að auki.

Hvers Vestfirðingafjórðungur á að gjalda í þessum efnum, veit ég ekki, en vonandi verður næsti skógarvörður ekki látinn eyða beztu árum æfi sinnar á hrakningi, illa launaður og öryggislaus í starfi, en það er mín uppskera eftir öll þessi ár.

p.t. Borgarnesi, 25. jan. 1960.

Stofn
David Þrudjónsson